



Ferðavagnatrygging

Skilmáli nr. BK60

Tryggjandi er VÍS tryggingar hf., kt. 670112-0470, hér eftir nefnt „VÍS“.

Um trygginguna gildir:

- Skírteinið ásamt áritunum og sérskilmálum.
- Skilmáli þessi nr. BK60.
- Almennur skilmáli VÍS nr. YY10.
- Lög um váttryggingarsamninga nr. 30/2004.

Skírteini og endurnýjunarkvittun ganga framar skilmálum. Skírteini, endurnýjunarkvittun og skilmálar ganga framar frávíkjanlegum lagaákvæðum.

Ferðavagnatrygging er í grunninn kaskótrygging fyrir ferðavagna. Valkvætt er að bæta við tryggingu á aukaútbúnaði s.s. fortjöldum, innbúi sem er að staðaldri í vagninum og foktryggingu yfir vetrartímann.

Skilmáli segir til um hvaða réttindi og skyldur þú og VÍS hafið.

Skírteini staðfestir að þú hafir keypt tryggingu hjá VÍS. Skírteinið er aðgengilegt með því að skrá sig inn á vis.is.

I. Almenn ákvæði

1. Innifaldar tryggingar

1.1 Valkvæðar tryggingar skv. III. til V. kafla eru innifaldar ef þær eru tilgreindar í skírteini eða endurnýjunarkvittun.

2. Hver er tryggður?

2.1 Eigandi ferðavagns er tryggður. Með ferðavagni er átt við það hjólhýsi, fellihýsi, tjaldvagn, pallhýsi eða söluvagn sem tilgreindur er á skírteini eða í endurnýjunarkvittun.

3. Hvar gildir tryggingin?

3.1 Tryggingin gildir:

- Á Íslandi.
- Á ferðalagi annars staðar á Evrópska efnahagssvæðinu, Bretlandi og Sviss í allt að 92 daga. Talið er frá brottfarardegi frá Íslandi, ásamt nauðsynlegum flutningi á milli þessara landa, enda sé um árstryggingu að ræða.

4. Sérstakar takmarkanir á bótaskyldu

4.1 Tryggingin bætir ekki tjón eða aukningu á tjóni sem beint eða óbeint hlýst af eða er af völdum jarðskjálfta, eldgoss eða annarra náttúruhamfara. Þó bætir tryggingin tjón vegna grjóthruns, skriðufalla, snjóflóðs úr fjallshlíð, aur- eða vatnsflóðs og eldingar.

5. Varúðarreglur¹

- Ökumaður ökutækis skal hafa þau réttindi og kunnáttu sem krafist er við akstur með ferðavagn.
- Ökumaður ökutækis skal ekki vera undir áhrifum áfengis, ávana- eða fíkniefna né annarra örvandi eða deyfandi efna við akstur með ferðavagn.
- Ferðavagn og áföst geymsluhólf skulu vera læst þegar vagninn er mannlauus og geyma skal lykla á öruggum stað.
- Ekki skal nota ferðavagn með öðrum hætti en kemur fram í skírteini eða endurnýjunarkvittun.
- Eigandi skal viðhalda ferðavagni í samræmi við fyrirmæli og leiðbeiningar framleiðanda.
- Eigandi skal fara eftir opinberum fyrirmælum um skoðun ferðavagns og sjá til þess að hann uppfylli kröfur um gerð og búnað á hverjum tíma.
- Eigandi skal sjá til þess að öryggisbúnaður ferðavagns og ökutækisins sem dregur hann sé

Ef þú ert að fara í **ferðalag** á EES svæðinu, Bretlandi eða Sviss með ferðavagn lengur en í 92 daga hvetjum við þig til að hafa samband til að tryggja hann sérstaklega.

Varúðarreglur eru kröfur sem gerðar eru með það að markmiði að koma í veg fyrir tjón eða draga úr líkum á að tjón verði. Mikilvægt er að vita hverjar þær eru.

¹ Sjá umfjöllun um brot á varúðarreglum í almenna skilmála VÍS YY10.



ávallt í lagi.

- 5.8 Tryggja skal að munir séu ekki settir í hættu frá eldi eða hita.
- 5.9 Áður en ekið er með ferðavagn skal eigandi/ökumaður kynna sér veður- og akstursskilyrði. Ekki skal aka með ferðavagn þar sem opinberlega hefur verið varað við akstri eða akstri með ferðavagn vegna óveðurs, akstursskilyrða eða þar sem vindstyrkur mælist sannanlega yfir 24,5 m/sek í hviðum samkvæmt mælingum Veðurstofu Íslands.
- 5.10 Eiganda ber að geyma ferðavagn þannig að ekki sé hætt á að hann fjúki í slæmum veðurskilyrðum. Festa skal og ganga tryggilega frá ferðavagni þegar hann er geymdur utandyra.
- 5.11 Tryggður skal ekki nota fortjöld eða markísur þegar veðurskilyrði eru með þeim hætti sem lýst er í grein 5.9.

6. Breytt notkun á ferðavagni

- 6.1 Tilkynna ber VÍS tafarlaust ef notkun á ferðavagni breytist frá því sem kemur fram í skírteini eða endurnýjunarkvittun. Hér er m.a. átt við notkun í tengslum við útleigu ferðavagnsins, veitingarekstur eða sölu á vörum. Vanræksla á þessari tilkynningarskyldu getur valdið því að ábyrgð VÍS á atburði lækki að tiltölu miðað við hvað verð tryggingarinnar hefði orðið við breytta notkun.

Dæmi um **breytta notkun** er ef ferðavagn er notaður í atvinnurekstri eða útleigu.

7. Háttsemi annarra

- 7.1 VÍS er heimilt að bera fyrir sig háttsemi aðila sem með samþykki skráðs eiganda eða umráðamanns er ábyrgur fyrir ferðavagni.
- 7.2 Í atvinnurekstri getur VÍS borið fyrir sig háttsemi stjórnenda ökutækis sem dregur ferðavagn og/eða umsjónarmanns ferðavagns.

8. Ákvörðun bóta

- 8.1 Almenn ákvæði:
- 8.1.1 Tryggingin skal einungis bæta raunverulegt tjón hinna tryggðu. Tryggður skal ekki hagnast á á tjónsatburði.
- 8.1.2 Fjárhæð bóta getur aldrei orðið hærrí en sú upphæð sem kemur fram í skírteini eða endurnýjunarkvittun.
- 8.1.3 Það telst fullnaðarviðgerð þó að sjá megi að gert hafi verið við ferðavagn, aukaútbúnað eða innbú.
- 8.2 Vegna tjóns á ferðavagni:
- 8.2.1 Fjárhæð bóta ræðst af markaðsverði á sambærilegum ferðavagni (tegund, aldur og gæði) á tjónsdegi, miðað við staðgreiðslu.
- 8.2.2 VÍS greiðir bætur fyrir altjón ef:
- Ferðavagn verður fyrir svo miklum skemmdum að VÍS álitur ekki borga sig að gera við hann.
 - Ferðavagni er stolið og hefur ekki fundist innan fjögurra vikna frá því að VÍS var tilkynnt um atburðinn.
- 8.2.3 Verði altjón á ferðavagninum ræður VÍS hvort:
- Verðmæti ferðavagnsins er greitt gegn afsali.
 - Greiddur er mismunur á verðmæti ferðavagnsins fyrir og eftir tjón.
 - Útvegaður er annar ferðavagn sömu tegundar sem er sambærilegur að aldri og gerð. VÍS er þá heimilt að krefjast afsals fyrir hinum skemmda ferðavagni.
- 8.2.4 Bætur fyrir tjón að hluta:
- Verði tjón á ferðavagni án þess að skilyrði 8.2.2-8.2.3 séu fyrir hendi greiðir VÍS kostnað við að gera við hann að svo miklu leyti sem unnt er, þannig að hann sé í sama eða svipuðu ástandi og fyrir tjón.
 - VÍS hefur rétt til að greiða annað hvort viðgerðarkostnað hjá verkstæði sem VÍS samþykkir eða bætur fyrir áætlaðan viðgerðarkostnað.
 - VÍS greiðir ekki bætur vegna skemmda sem voru á ferðavagni fyrir tjónsatburð.
 - VÍS greiðir ekki lækun á markaðsverði ferðavagns, óbeint tjón, svo sem afnotamissi, aukaútgjöld vegna vinnu utan venjulegs vinnutíma eða aukakostnað vegna sérpantana á varahlutum.



- e) Ekki er skylt að greiða fyrir viðgerð sem hafin er án samþykkis VÍS.

8.3 Vegna tjóns á aukaútbúnaði og innbúi:

- 8.3.1 Bætur skulu miðaðar við verðmæti á tjónsdegi á nýjum hlut, sambærilegum þeim sem skemmdist. VÍS er heimilt að draga frá bótum verðrýrnun vegna aldurs, notkunar og annarra atriða sem geta haft áhrif á verðmæti hlutarins.
- 8.3.2 Ef unnt er að gera við það sem skemmdist þannig að það verði í svipuðu ástandi og fyrir tjón og viðgerð borgar sig að mati VÍS, getur VÍS annað hvort greitt tryggðum áætlaðan viðgerðarkostnað eða látið gera við það sem skemmdist á kostnað VÍS.
- 8.3.3 Ef ekki er unnt að gera við það sem skemmdist eða það borgar sig ekki að mati VÍS, getur VÍS greitt bætur í peningum eða útvegað sambærilegan hlut og varð fyrir tjóninu. Hafi verið greiddar bætur samkvæmt þessari grein áskilur VÍS sér rétt til að gera tilkall til þess sem skemmdist.
- 8.3.4 VÍS hefur rétt til að greiða mismun á verðmæti þess sem skemmdist fyrir og eftir tjón.

9. Framsal

- 9.1 Framsal réttinda samkvæmt tryggingarsamningi er háð samþykki VÍS.

II. Kaskótrygging

10. Hvað er tryggt?

- 10.1 Tryggingin gildir fyrir ferðavagn sem tilgreindur er í skírteini eða endurnýjunarkvittun.

11. Hvað bætir tryggingin?

- 11.1 Tryggingin bætir tjón á ferðavagni vegna:
- Skyndilegra, utanaðkomandi atvika, sem ekki eru sérstaklega undanskilin í þessum skilmála.
 - Eldsvoða, eldingar eða sprengingar sem stafar af eldsvoða. Það telst ekki eldsvoði þegar hlutir sviðna eða bráðna ef eldur er ekki laus.
 - Þjófnaðar eða ef tilraun er gerð til þjófnaðar á ferðavagni, ef þjófnaður hefur tafarlaust verið kærður til lögreglu.
 - Skemmdarverka, ef þau hafa tafarlaust verið tilkynnt til lögreglu.
- 11.2 Tryggingin bætir einnig kostnað við björgun eða flutning til næsta viðgerðarverkstæðis sem VÍS fellst á ef ekki er hægt að draga ferðavagn vegna bótaskylds tjóns á Íslandi.

12. Hvað bætir tryggingin ekki?

- 12.1 Tryggingin bætir ekki:
- Tjón sem verður á ferðavagni við akstur þar sem akstur ökutækja er bannaður samkvæmt fyrirráðum yfirvalda, eða við akstur yfir óbrúaðar ár og læki, um fjörur, forvaða eða aðrar vegleysur, nema það sannist að tjónið hafi orðið vegna þess að ökumaður varð að fara út fyrir akbraut, t.d. vegna viðgerðar á akbrautinni.
 - Bilun á ferðavagni eða búnaði hans.
 - Tjón á yfirborði ferðavagns, öðru en rúðum, vegna hefðbundins steinkasts af vegi eða þegar steinar/grjót falla af öðrum ökutækjum. Með hefðbundnu steinkasti er átt við þann atburð þegar lausir steinar á vegi skjótast undan öðru ökutæki á ferðavagn.
 - Skemmdir eða slit á ferðavagni eða einstökum hlutum hans vegna notkunar, t.d. vegna tæringar, ryðs og annars hefðbundins slits.
 - Tjón vegna utanaðkomandi vatns.
 - Tjón sem rekja má til umgengni, t.d. reykinga eða neyslu matar og drykkja.
 - Þjófnað á einstökum hlutum ferðavagns.
 - Tjón á undirvagni ferðavagns, ásamt þeim búnaði sem þar er að finna, ef laust grjót hrekkur upp undir ferðavagninn eða hann rekst niður á ójöfnum, akbrautarbrúnum, í holu eða á grjót við akstur.
 - Skemmdir á ferðavagni af völdum gælu- eða meindýra.
 - Tjón sem verður við akstur þar sem opinberir aðilar hafa varað við akstri vegna óveðurs, akstursskilyrða eða þar sem vindstyrkur mælist sannanlega yfir 24,5 m/sek í hviðum samkvæmt mælingum Veðurstofu Íslands.
 - Tjón vegna foks á lausum jarðefnum, t.d. sandi, mól eða mold.

Athugið að **aukaútbúnað ferðavagns**, t.d. fortjöld, markisur, sólarcellur og reiðhjólgrindur, **þarf að tryggja með sérstakri tryggingu** fyrir aukaútbúnað, sjá III. kafla.

Með **meindýrum** er átt við rottur og mýs annars vegar og skordýr og aðra hryggleysingja hins vegar.



- l) Foktjón á tímabilinu frá 1. október til 15. apríl, nema ferðavagn sé geymdur inni í húsnæði.

III. Aukaútbúnaður

13. Hvað er tryggt?

13.1 Tryggingin tekur til almenns aukaútbúnaðar ferðavagns, s.s. fortjalda, markísa, sólarsetta og hjólagrinda, eins og nánar er tilgreint á skírteini eða endurnýjunarkvittun. Aukaútbúnaðurinn er tryggður á meðan hann er áfastur ferðavagni, tengdur við hann eða geymdur inn í ferðavagni.

14. Hvað bætir tryggingin?

- 14.1 Tryggingin bætir tjón á aukaútbúnaði ferðavagna vegna:
- Skýndilegra, utanaðkomandi atvika, sem ekki eru sérstaklega undanskilin í þessum skilmála.
 - Eldsvoða, eldingar eða sprengingar sem stafar af eldsvoða. Það telst ekki eldsvoði þegar hlutir sviðna eða bráðna ef eldur er ekki laus.
 - Þjófnaðar eða tilraunar til þjófnaðar þegar um sýnilegt innbrot er að ræða í ferðavagn eða þá að ummerki eru um að aukaútbúnaður hafi verið fjarlægður af ferðavagni. Þjófnaður þarf að hafa verið tafarlaust kærður til lögreglu.
 - Skemmdarverka, ef þau hafa tafarlaust verið tilkynnt til lögreglu.

15. Hvað bætir tryggingin ekki?

- 15.1 Tryggingin bætir ekki:
- Tjón sem verður á aukaútbúnaði ferðavagns við akstur þar sem akstur ökutækja er bannaður samkvæmt fyrirmælum yfirvalda, eða við akstur yfir óbrúaðar ár og læki, um fjörur, forvaða eða aðrar vegleysur, nema það sannist að tjónið hafi orðið vegna þess að ökumaður varð að fara út fyrir akbraut, t.d. vegna viðgerðar á akbrautinni.
 - Bilun á aukaútbúnaði ferðavagns.
 - Tjón á yfirborði aukaútbúnaðar vegna hefðbundins steinkasts af vegi eða þegar steinar/grjót falla af öðrum ökutækjum. Með hefðbundnu steinkasti er átt við þann atburð þegar lausir steinar á vegi skjótast undan öðru ökutæki á ferðavagn.
 - Skemmdir eða slit á aukaútbúnaði vegna notkunar, t.d. vegna tæringar, ryðs og annars hefðbundins slits.
 - Tjón vegna utanaðkomandi vatns.
 - Tjón sem rekja má til umgengni, t.d. reykinga eða neyslu matar og drykkja.
 - Skemmdir á aukaútbúnaði af völdum gælu- eða meindýra.
 - Tjón sem verður við akstur þar sem opinberir aðilar hafa varað við akstri vegna óveðurs, akstursskilyrða eða þar sem vindstyrkur mælist sannanlega yfir 24,5 m/sek í hviðum samkvæmt mælingum Veðurstofu Íslands.
 - Tjón vegna foks á lausum jarðefnum, t.d. sandi, mól eða mold.
 - Foktjón á tímabilinu frá 1. október til 15. apríl, nema ferðavagn sé geymdur inni í húsnæði.
 - Þegar foktjón verður eingöngu á aukaútbúnaði. Með því er átt við þegar einstaka aukaútbúnaður ferðavagns fýkur en ekki verður foktjón á ferðavagninum sjálfum.

IV. Innbú

16. Hvað er tryggt?

16.1 Tryggingin tekur til innbús sem er að staðaldri í ferðavagni.

17. Hvað bætir tryggingin?

- 17.1 Tryggingin bætir tjón á innbúi ferðavagns vegna:
- Skýndilegra, utanaðkomandi atvika, sem ekki eru sérstaklega undanskilin í þessum skilmála.
 - Eldsvoða, eldingar eða sprengingar sem stafar af eldsvoða. Það telst ekki eldsvoði þegar hlutir sviðna eða bráðna ef eldur er ekki laus.
 - Þjófnaðar eða tilraunar til þjófnaðar þegar um sýnilegt innbrot er að ræða í ferðavagn. Þjófnaður þarf að hafa verið tafarlaust kærður til lögreglu.
 - Skemmdarverka, ef þau hafa tafarlaust verið tilkynnt til lögreglu.



18. Hvað bætir tryggingin ekki?

18.1 Tryggingin bætir ekki:

- Tjón sem verður á innbúi við akstur þar sem akstur ökutækja er bannaður samkvæmt fyrirmælum yfirvalda, eða við akstur yfir óbrúaðar ár og læki, um fjörur, forvaða eða aðrar vegleysur, nema það sannist að tjónið hafi orðið vegna þess að ökumaður varð að fara út fyrir akbraut, t.d. vegna viðgerðar á akbrautinni.
- Bilun á munum.
- Skemmdir eða slit á innbúi vegna notkunar, t.d. vegna tæringar, ryðs og annars hefðbundins slits.
- Tjón vegna utanaðkomandi vatns.
- Tjón sem rekja má til umgengni, t.d. reykinga eða neyslu matar og drykkja.
- Skemmdir á innbúi af völdum gælu- og meindýra.
- Tjón sem verður við akstur þar sem opinberir aðilar hafa varað við akstri vegna óveðurs, akstursskilyrða eða þar sem vindstyrkur mælist sannanlega yfir 24,5 m/sek í hviðum samkvæmt mælingum Veðurstofu Íslands.
- Foktjón á tímabilinu frá 1. október til 15. apríl, nema ferðavagn sé geymdur inni í húsnæði.

V. Foktrygging yfir vetrartíma

19. Hvað er tryggt?

19.1 Tryggingin gildir fyrir ferðavagn sem tilgreindur er í skírteini eða endurnýjunarkvittun, ásamt aukaútbúnaði sem tryggður hefur verið samkvæmt III. kafla og innbúi sem er að staðaldri í ferðavagni og tryggt hefur verið samkvæmt IV. kafla.

20. Hvað bætir tryggingin?

20.1 Tryggingin bætir foktjón á tímabilinu frá 1. október til 15. apríl.

21. Hvað bætir tryggingin ekki?

21.1 Tryggingin bætir ekki:

- Tjón sem verður við akstur þar sem akstur ökutækja er bannaður samkvæmt fyrirmælum yfirvalda, eða við akstur yfir óbrúaðar ár og læki, um fjörur, forvaða eða aðrar vegleysur, nema það sannist að tjónið hafi orðið vegna þess að ökumaður varð að fara út fyrir akbraut, t.d. vegna viðgerðar á akbrautinni.
- Tjón vegna utanaðkomandi vatns.
- Tjón sem verður við akstur þar sem opinberir aðilar hafa varað við akstri vegna óveðurs, akstursskilyrða eða þar sem vindstyrkur mælist sannanlega yfir 24,5 m/sek í hviðum samkvæmt mælingum Veðurstofu Íslands.
- Tjón vegna foks á lausum jarðefnum, t.d. sandi, mól eða mold.
- Þegar foktjón verður eingöngu á aukaútbúnaði eða innbúi. Með því er átt við þegar einstaka aukaútbúnaður eða munir úr innbúi ferðavagns fjúka en ekki verður foktjón á ferðavagninum sjálfum.

Það sem fram kemur á hægri spássíu er eingöngu til leiðbeiningar fyrir viðskiptavini en er ekki hluti af texta skilmálans og ekki ætlað til túlkunar einstakra greina hans.